um heimild til að greiða uppbætur á ellilífeyri o. fl.

(Lögð fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1950.)

Tryggingastofnun ríkisins heimilast að greiða uppbætur á ellilífeyri, örorkulífeyri, örorkustyrki og makabætur fyrir tímabilið frá 1. júlí 1949 til ársloka 1950.

Uppbætur þessar mega nema allt að 10% fyrir tímabilið til 30. júní 1950, en 5% frá því til ársloka.

Uppbæturnar greiðist af tekjuafgangi þeim, sem lagður hefur verið í tryggingasjóð stofnunarinnar.

Greinargerð.

Það þykir sýnt, að frumvarp það til laga um breytingar á almannatryggingalögunum og viðauka við þau, sem nú liggur fyrir Alþingi (þskj. 450), nær ekki fram að ganga að þessu sinni. Hins vegar verður ekki hjá því komizt, að Alþingi veiti heimild til þess að greiða uppbætur á ellilífeyri og aðrar hliðstæðar bætur, er Tryggingastofnun ríkisins greiðir.

Í fylgiskjali með nál. frá meiri hl. fjvn. um till. til þál. um greiðslu dýrtíðaruppbótar á ellilaun og örorkubætur (þskj. 259), er gerð grein fyrir því, á hvern hátt elli- og örorkubótaþegar hafa fengið 10% uppbætur greiddar á lífeyri sinn að undanförnu, og er ekki þörf á að endurtaka það hér. Nægir því, að með þingsályktun sé veitt heimild til 10% og 5% hækkana frá því, sem nú er.

Ríkisstjórnin mun hlutast til um, að frumvarpið á þskj. 450 verði tekið til nýrrar athugunar milli þinga og málið lagt á ný fyrir Alþingi á komandi hausti.